

Viðbragðsáætlun Grunnskóla Grundarfjarðar vegna inflúensufaraldurs

Gerð og virkjun áætlunar

Gerð og virkjun viðbragðsáætlunar er í höndum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í samráði við heilsugæslu og bæjaryfirvöld

Upplýsingar til starfsfólks skóla

Á fyrsta kennarafundi skólaársins er farið yfir ýmsa punkta frá landlæknisembætti um inflúensuna, hlutverk starfsfólks og viðbrögð við henni.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Hengdar hafa verið upp leiðbeiningar um handþvott í hverri kennslustofu, tryggt að nægilegt magn sé af handþurrkum í stofum. Ekki verður gert ráð fyrir grímum nema í samráði við heilsugæslu. Skólaliðar þrifa krana og stigahandrið, hurðarhúna og tölvuborð sérstaklega vel.

Veikindatilfelli nemenda

Ef nemandi veikist og grunur er um inflúensitilfelli skal viðkomandi nemandi halda sig heima í viku en þó í samráði við lækni sem staðfestir grun.

Veikindi starfsmanna

Það sama á við um starfsmenn og nemendur að ef grunur er staðfestur af lækni að um inflúensu sé að ræða skal viðkomandi vera heima í viku.

Afleysingar

Skólastjórar leysa hvorn annan af í veikindum og ef báðir eru veikir taka árgangastjórar að sér að vera tengiliðir.

Kennsla nemenda í veikindum

Ef um veruleg veikindi er að ræða í bekkjum munu kennarar ekki halda mikið áfram í námsefninu heldur nýta tímann fremur í að rifja upp. Tryggt verður að hægt sé að komast yfir námsefni og námsmarkmið bekkjarins fyrir skólalok og verður áætlun

unnin í samráði við bæjarráð

Lokun skóla

Ef til þess kemur að loka þarf skóla vegna inflúensufaraldurs skal það tilkynnt í tölvupósti til foreldra nemenda og á heimasíðu skólans. Hringt verður í þá sem ekki hafa aðgang að neti. Upplýsingum verður einnig komið á framfæri gegnum tölvupóst og heimasíðu skólans meðan á lokun stendur.

Kennsla meðan á lokun stendur.

Reynt verður að að halda úti gagnaflutningi á kennsluefni gegnum netið og tölvupóst meðan á lokun stendur ef því verður komið við. Að öðru leyti verður að meta aðstæður eftir því hvort margir kennarar eru veikir og skoða þarf í samráði við þá sem eru í vinnu hvernig hægt verður að aðstoða þá nemendur sem treysta sér til náms.

Skipulag skólastarfs eftir opnun

Eftir opnun munu kennarar taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Skólastjórar ásamt árgangastjórum fara yfir stöðuna um hve mikið nemendur hafa misst úr námi og skipuleggja hvernig megi bregðast við því . Þetta mun unnið í samráði við bæjarráð ef um aukakostnað verður að ræða vegna þessa.

Grundarfirði 9. september 2009.

Anna Bergsdóttir, skólastjóri